



Hjólreiðahátíð Greifans

24. júlí - 1. ágúst 2021



Keppnishandbók

Gangamót Greifans

Uppfært 14. júlí 2021

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

Kæri þátttakandi

Hjólreiðarfélag Akureyrar hlakkar til að taka á móti þér á Siglufirði fimmtudaginn 29. júlí. Í þessari handbók verður farið yfir nokkur mikilvæg atriði sem varðar keppnina. **Vinsamlega lesið handbókina því vel yfir.**

Efnisyfirlit:

1. Grunnupplýsingar	bls. 2
2. Flokkar, rástímar og keppnislengdir	bls. 3
3. Keppnisgögn	bls. 4
4. Dagskrá	bls. 5
5. Keppnisreglur	bls. 6
6. Fylgdarbílar	bls. 8
7. Brekkukóngur og brekkudrottning	bls. 9
8. Brautin - ítarupplýsingar	bls. 10
9. Öryggismál - sérstakar athugasemdir	bls. 21

1 - Grunnupplýsingar.

Keppnisgrein:	Bikarmót í götuhjólreiðum (RR) og jafnframt almenningamót
Dagsetning:	29.07.2021
Keppnishaldari:	Hjólreiðafélag Akureyrar
Keppnisstjóri:	Jenný Grettisdóttir, jennygrettis@gmail.com , 8660446
Dómarari:	<u>TBA</u>
Aðrir tengiliðir:	Árni F. Sigurðsson, gjaldkeri HFA - formadur@hfa.is - 8654195 Rögnvaldur Már Helgason, ritari@hfa.is , 8680799,
Mæting:	Hannes Boy Café, salur í norðurenda, Gránugötu 28, 580 Siglufirði (https://goo.gl/maps/zV1idGfMr8bKCK3v7)
Verðlaunaafhending:	Bílaklúbbur Akureyrar, Hlíðarfjallsvegi 13, 603 Akureyri (https://goo.gl/maps/oyqdEmGDpeMFLPxe7)
Keppnisgjald:	Kr. 6900 - greitt við skráningu á netskraning.is
Aksturstími:	Frá Akureyri (frá endamarki) til Siglufjarðar (að rásmarki) eru 78 km. Þar sem göng eru á leiðinni með lægri meðalhraða má reikna með rétt rúmlega 1 klst. í akstur.
Skilmálar fyrir viðburði á vegum HFA eru aðgengilegir á vef félagsins HFA.is https://09d316ed-9a92-4bf9-9042-f36706cb89b1.filesusr.com/ugd/aa1e5b_5a1c0cd41aa44f7487da089a17d27f9c.pdf	
MIKILVÆGT:	Ekki er hægt að ljúka skráningu í mótið nema skilmálar séu samþykktir.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

2 - Flokkar, rástímar og keppnislengdir

Ráshópur	Flokkar	Vegalengd	Hækkun	Rástími	Rásmark	Endamark
1.	A-Flokkur Karlar	102.8 km	1238m*	18:00	Gatnamót Snorragötu/ Mánagötu	Skíðahótel Hlíðarfjalli
2.	Masters Karlar B-Flokkur Karlar Junior Karlar U17 Karlar	81.9 km	1099m*	18:03	Gatnamót Snorragötu/ Mánagötu	Skíðahótel Hlíðarfjalli
3.	A-Flokkur Konur	81.9 km	1099m*	18:06	Gatnamót Snorragötu/ Mánagötu	Skíðahótel Hlíðarfjalli
3.	B-Flokkur Konur Masters Konur Junior Konur U17 Konur	81.9 km	1099m*	18:09	Gatnamót Snorragötu/ Mánagötu	Skíðahótel Hlíðarfjalli
4.	Almenningsflokkar Karlar og Konur	78 km*	787m*	18:25	Gatnamót Snorragötu/ Mánagötu	Svæði BÍLaklúbbs Akureyrar
5.	U15 Karlar og Konur	u.þ.b. 44km**		18:30	Olís á Dalvík	Svæði BÍLaklúbbs Akureyrar

*Upplýsingar um hækkun fengnar af Strava, gæti verið einhver skekkja

**Ekki er búið að hjóla nákvæmlega þessa leið, vegalengd er tekin af kortasjá.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

3 - Keppnisgögn

Keppnisgögn verða afhent í sal á veitingastaðnum *Hannes Boy Café*, norðurenda hússins, á Siglufirði fimmtudaginn 29. júlí milli 15:30 – 17:00. (<https://goo.gl/maps/zV1idGfMr8bKCk3v7>).

Keppendur í U15 flokk sem ræsa frá Dalvík fá keppnisgögn afhent í Olís frá klukkan 18:00

HFA ábyrgist ekki að keppendur fái keppnisgögn afhent nema þau séu sótt á fyrrgreindum tíma.

Keppnisgögn:

- Tímatökuflaga
- Tvö keppnisnúmer á bak (bikarmót) / eitt keppnisnúmer á bak (almenningsmót)
- Eitt keppnisnúmer á hnakkpípu
- 8 nælur fyrir keppnisnúmer (bikarmót) / 4 nælur fyrir keppnisnúmer (almenningsmót)
- 4 plastbönd, 2 fyrir tímatökuflögu og 2 fyrir keppnisnúmer

Tímatökuflaga skal festast á framgaffal með þar til gerðum plastböndum.

Plastað keppnisnúmer skal festast á sætispóst reiðhjóls, einnig með plastböndum.

Tvö númer festast á bak keppenda. Mikilvægt er að smá bil sé á milli númeranna svo þau sjáist frá hlið einnig.

- **Mikilvægt er að festa númerið ekki of hátt á bakið.** Sem viðmið skal það festast þvert yfir bakvasa sem eru á flestum hjólatreyjum, stranglega bannað er að klippa til, bretta upp á eða eiga á nokkurn hátt við númerið sem skal festast á bakið.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

- Dæmi um rétt staðsett keppnisnúmer og tímaflögu:



Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

4 - Dagskrá fimmtudaginn 29. júlí 2021

- 15:30 – 17:00** Afhending keppnisgagna Hannes Boy Café á Siglufirði
- 18:00** Afhending keppnisgagna fyrir U15 á Dalvík - Við Olís
- 17:45** Fundur með keppnisstjóra og dómurum við rásmark
- 18:00** 1. ræsing - A-Flokkur Karla
- 18:03** 2. ræsing - B-Flokkur, Masters, Junior og U17 karla
- 18:06** 3. ræsing - A-Flokkur Kvenna
- 18:09** 4. ræsing - B-Flokkur, Masters, Junior og U17 kvenna
- 18:25** 5. Ræsing - Almenningsflokkar karla og kvenna
- 18:30** 6. Ræsing - U15 á Dalvík
- 20:30** Grillið verður ræst á svæði Bílaklúbbs Akureyrar (BA) við Hlíðarfjallsveg
- 21:00** Verðlauna afhending á svæði BA
- 22:00** Tímatöku lýkur

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

5 - Keppnisreglur

Keppendur í bikarmóti eru beðnir að kynna sér vel reglur Hjólreiðasambands Íslands (HRÍ):

<http://hri.is/upplysingar/keppnisreglur-hri>.

Dómari á vegum HRÍ mun dæma keppnina.

Um keppendur í almenningflokki gilda allar keppnisreglur HRÍ. Í almenningflokki eru fylgdarbílar bannaðir.

Keppnisbraut er skilgreind sem hægri akrein, það þýðir eftirfarandi:

- Óheimilt er að fara yfir heila miðlínu; og dómari mun beita brottvísun úr keppni við brot.
- Óheimilt er að fara yfir brotna miðlínu; en dómari mun ekki gera athugasemd við það ef fara þarf fram úr mjög hægfara ökutæki (t.d. dráttarvél) eða fara þarf fram úr hægfara hóp keppenda úr öðrum keppnisflokki, ef slíkt er gert með ítrustu varkárni. Dómari mun ekki líta svo að keppnisbraut hafi verið yfirgefin við slíkar aðstæður.

Einkum og sér í lagi er ekki heimilt að hanga í drafti öfugu megin miðlínu, ekki er heimilt að fara fram úr eigin keppnishóp öfugu megin við miðlínu, ekki má gera árás með því að rjúfa draftið með því að fara yfir miðlínu, o.sv.frv. Dómari mun líta svo á að keppnisbraut hafi verið yfirgefin, eða umferðarlög brotin, og beita áminningu eða brottvísun í slíkum tilvikum. Einnig má ekki hindra aðra keppendur eða ökutæki í því að fara fram úr.

Búnaður: Hjálmaskylda er í öllum keppnum á keppnisdagskrá HRÍ. Keppendur skulu klæðast hjólreiðafatnaði og ekki klæddir á ósæmilegan hátt.

Leyfileg hjól: Götu hjól. Passa að stýrisendar séu lokaðir. Liggistýri og sambærileg stýri eru ekki leyfileg.

Viðbótarreglur: Að auki gilda eftirfarandi reglur til viðbótar eða víkja til hliðar reglum HRÍ:

Stigamót og almenningflokkur:

S-1: Allir keppendur verða að hafa ljós bæði að framan og aftan, hvítt að framan og rautt að aftan. Bæði ljós skulu vera kveikt og mega ekki blikka. Það verður kannað í rásmarkinu hvort ekki séu allir með viðeigandi búnað. Þeir, sem ekki verða með ljósabúnað, fá ekki að hefja keppni.

Almenningflokkur:

A-1: Fylgdarbílar eru bannaðir.

Aðrir almennir skilmálar:

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

Skilmálar fyrir viðburði á vegum HFA eru aðgengilegir á vef félagsins HFA.is

https://09d316ed-9a92-4bf9-9042-f36706cb89b1.filesusr.com/ugd/aa1e5b_5a1c0cd41aa44f7487da089a17d27f9c.pdf Keppendur verða að kynna sér þá skilmála og samþykka við skráningu.

Treyst er á heiðarleika, samvisku og besta framferði keppenda, sérstaklega þegar kemur að almennu öryggi keppenda, starfsmanna og áhorfenda.

Almennar öryggisreglur í umferð:

- Ekki taka fram úr öðrum keppendum nema öllum sé óhætt!
- Keppendum sem nema staðar ber að færa sig strax út í vegkant.
- Keppendum sem hætta í keppni, er bent á að færa hjólið út fyrir vegakant en þó helst þannig að það sé sýnilegt fyrir þjónustubíla.

Keppendur án flögu eða með flögu rangt festa fá ekki tíma.

Þegar keppandi hefur lokið keppni er ekki leyfilegt að hjóla aftur út á brautina, né að hjóla í gegnum markið (og yfir tímatökubúnaðinn) nema í einu sinni í byrjun og einu sinni í lokin.

Keppendur verða að kynna sér brautarlýsingu ítarlega fyrir keppni.

Göngum vel um og hendum ekki rusli á leiðinni.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

6 - Fylgdarbílar

Fylgdarbíla skal skrá með skráningarformi sem finna má á upplýsingasíðu Gangamótsins:

<https://www.hfa.is/gangamot-greifans> fyrir klukkan 20:00 fimmtudaginn 29. júlí 2021 eða með því að ýta [hér](#).

Fylgdarbílar eru leyfðir í brautinni til að aðstoða keppendur í stigamóti. Ekki er heimilt að vera með fylgdarbíla í almenningflokki.

Um fylgdarbíla gilda útgefnar reglur frá Hjólreiðasambandi Íslands (HRI) sem finna má á [vefsíðu HRI](#).

Þegar keppendur koma inn á Akureyri, við Húsasmiðjuna á Lónsbakka skulu fylgdarbílar yfirgefa keppendur og keyra beint í endamark.

15 mínútum fyrir ræingu fyrsta ráshóps skulu allir fylgdarbílar koma sér fyrir á safnsvæði utan við Siglufjörð þaðan sem þeir bíða þangað til að keppendur sem þeir fylgja eru komnir framhjá.

Ljósmynda/Fjölmiðla bílar sem starfa með umboði mótsstjórnar hafa heimild til að aka kringum keppendur síðasta spölinn til að taka myndir, halda úti streymi og öðru slíku. Ljósmynda og fjölmiðlabílar fylgja sérstökum leiðbeiningum frá HRI.



Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

7 - Brekkukóngur og Brekkudrottning

Auk hefðbundinna verðlauna fyrir sæti í hverjum flokki verða einnig veitt verðlaunin “Brekkukóngur” (King of the Mountain) og “Brekkudrottning” (Queen of the Mountain) og verða þau veitt einum karli og einni konu sem eiga besta tíma á upp Hlíðarfjallsveg. Brekka sem telst til þessa verðlauna hefst eftir flatan kafla þegar ekið er framhjá svæði Bílklúbbs Akureyrar.

Núverandi brekkumet í karlaflokki er 00:13:31 sett af Ingvari Ómarssyni árið 2020

Núverandi brekkumet í kvennaflokki er 00:16:54 sett af Ágústu Eddu árið 2020

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

8 - Brautin, staðreyndir og ítarupplýsingar.

Fjarlægðir fyrir hvern hóp má sjá í töflu í kafla 2 í keppnishandbók

Helstu staðreyndir:


- 3 göng með misgóðri lýsingu.
- Bleyta og drulla getur verið á yfirborði vega í göngum, mælt er með notkun skerma ("ass saver")
- Möl getur leynst á brúnum vega og þá sérstaklega inni í göngum.
- Það geta verið harðar brúnir og skemmdir í yfirborði vega í göngum.
- Milli vegar og veggja í göngunum er malargrús notuð sem getur verið laus og beitt, forðist því að lenda út fyrir veg.
- Kalt getur verið í göngunum, mismunur á lofthita inni og úti verulegur og móða myndast á gleraugum.
- Hraðhindranir eru á Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík, þetta eru mjúkar en stórar malbikaðar hindranir.
- Eftirfarandi vegalengdir verða merktar á skilti á leiðinni: 5km, 3km, 1.km, 400m, 300m, 200m, 100m. Vegalengdir fyrir hópa sem enda uppi í hlíðarfjalli verða merktar með Hvítum stöfum á rauðum fleti
- Vegalengdir fyrir hópa sem enda á svæði Bílaklúbbsins verða merktar með Hvítum stöfum á bláum fleti

Á eftir síðasta keppenda í braut verður "sópari" á bíl sem sér um að týna upp merkingar. Hann verður með hjólreiðakerru og getur tekið upp þá keppendur sem hætta keppni. Athugið þó að talsverð bið gæti verið eftir sópara ef menn hætta keppni framarlega í hópum. Hætti menn keppni ber að tilkynna það til keppnisstjóra, Jenný í síma 8660446.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

Brautin



Hér má sjá yfirlitskort yfir alla leiðina, neðar eru svo nánari upplýsingar á hverjum hluta fyrir sig. Blátt merkir almenna keppnisleið, appelsínugult eru hlutlaus svæði. Gult er sérsvæði fyrir UCI Elite Karla og lokaklifur. Bleikt er endaspættur á svæði og ljósblár endamark á svæði Bílklúbbs Akureyrar. Grænt táknar rásmark og endamark í Hlíðarfjalli. Rauður táknar upphaf lokaklifurs.

Hjólréiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

Yfirlit leiða í gegnum bæjarfélög



Siglufjörður

Frá rásmarki við gatnamót Snorragötu/Mánagötu er hjólað beinustu leið til suðurs út úr bænum. Biðsvæði fyrir fylgdarbíla er utan við bæinn, sjá mynd hér að ofan í kaflanum um fylgdarbíla. Fylgt er þjóðveginum upp að Héðinsfjarðargöngum og hjólað gegnum bæði göng þangað til komið er á Ólafsfjörð.



Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

Ólafsfjörður

Hlutlaust svæði (Neutral Zone) er í gildi meðan hjólað er í gegnum Ólafsfjörð frá brúnni áður en komið er inn í bæinn og að hraðhindruninni rétt áður en farið er út úr bænum. Farið er beinustu leið í gegnum bæinn, sjá mynd hér að neðan.

Ólafsfjarðargöng eru einnig Neutral Zone.

Umferðarstýring verður í Ólafsfjarðargöngunum fyrir fyrstu hópa allra flokka í bikarmóti til að auka öryggi keppenda.

Ekki er hægt að loka göngunum fyrir alla keppendur en umferð verður stýrt til að hafa sem minnst áhrif á framvindu keppni.



Dalvík

Neutral Zone er í gildi meðan hjólað er í gegnum Dalvík frá verksmiðju Sæplast að bensínstöð Olís. Hjólað er beinustu leið gegnum bæinn, sjá mynd. Á myndinni má sjá Rásmark fyrir U15 á Dalvík.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans




Hjólréiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

Svarfaðardalur:

A-Flokkur karla hjólar auka hring um Svarfaðardal. Þeir taka fyrstu hægri beygju eftir að farið er framhjá Olís og út úr Dalvík (sjá gulmerkta leið á mynd). Aðrir hópar hjóla hefðbundna leið og hjóla því beint við afleggjarann (blámerkt leið á mynd).

Brautargæsla verður á gatnamótum til að tryggja að allir hópar fari rétta leið.




Ólafsfjarðarvegur (82) inná Þjóðveg 1

Umferðastjórnun verður á þessum gatnamótum og eftir bestu getu reynt stoppa umferð meðan hjólarar fara hér í gegn. Keppendur taka hér vinstri beygju í átt að Akureyri.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans



Komið inná á Akureyri (hringtorg við BYKO)

Þegar komið er inn á Akureyri þá þarf að taka 1/2 af hringtorgi, beint í gegn.

Umferðastjórnun verður á þessum gatnamótum og eftir bestu getu reynt að stoppa umferð meðan hjólarar fara í gegn.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans




Akureyri

Leiðin innanbæjar á Akureyri liggur frá hringtorgi við Byko að umferðarljósum við gatnamót Hörgárbrautar og Hlíðarbrautar. Þar verður umferðarstýring svo keppendur geta tekið óhindrað hægri beygju á ljósunum.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans



Hjólréiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans


Hlíðarbraut:

Frá gatnamótum Hörgárbrautar og Hlíðarbrautar er hjólað eftir Hlíðarbraut að hringtorgi við Hlíðarfjallsveg.

Á leiðinni eru fern T-gatnamót og þrjú hringtorg. Reynt verður að stýra umferð á öllum stöðum eins vel og hægt er til að reyna að stöðva umferð meðan keppendur fara framhjá. Aðgát skal höfð á öllum stöðum þar sem ekki er hægt að tryggja að allir ökumenn stöðvi við fyrirmæli frá umferðargæslu. Hjólað er ofan frá miðað við mynd hér að ofan.

Hlíðarfjallsvegur:


Á hringtorgi við Hlíðarfjallsveg er tekin fyrsti útgangur (hægri beygja) upp Hlíðarfjallsveg.



Á leiðinni eru þrjú T-gatnamót þaðan sem umferð kemur frá hægri.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021


Gangamót Greifans



Keppendur í ráshópi 4 fara gegnum endamark 1, rétt fyrir afleggjara inn á svæði Bíðaklúbbs Akureyrar. Ráshópar 1,2 og 3 halda beint áfram upp Hlíðarfjallsveg þar sem endamark er við Skíðahótel. Við upphaf klifurs verður merki í götunni sem táknar að tímataka brekkuklifurs er hafin. Brekkuklifrið er 3600 metrar og 360 metra hækkun. Skilti verða á leiðinni sem gefa til kynna hversu langt er í endamark.

Hjólréiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans



9 - Öryggismál

Ef slys ber að höndum skal hringja í 112, svo láta keppnistjóra vita í síma **866-0446**

Ef um önnur atvik er að ræða eða keppendum vantar aðstoð skal hringja beint í keppnisstjóra.

Það eru ákveðnar hættur hér og þar sem hægt er að forðast með því að lesa eftirfarandi. Þetta er þó alls ekki tæmandi listi og keppendur verða því að vera vakandi fyrir umhverfi sínu.

Lifandi upplýsingar um ástand brautar er að finna á <https://www.hfa.is/gangamot-greifans>, þar verða settar inn myndir og athugasemdir frá mótsstjórn þegar braut er skoðuð. Við hvetjum keppendur til að kíkja á vefsvæðið eftir að búið er að sækja gögn, fyrir ræsingu. Ef eitthvað er sem þarf að varast verður það kynnt á fundi fyrir ræsingu.

Héðinsfjarðargöng:

Inni í seinni Héðinsfjarðargöngum eru fræstar rákir þvert á veginn, þær eru um 2cm djúpar og 10cm breiðar en ekki með hvössum brúnum og því ekki hættulegar en geta látið hjólurum bregða.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

Í Héðinsfjarðargöngum er möl í köntum og fræstar rákir á miðlínu þannig að gott er að halda sig frá köntum.



Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2021

Gangamót Greifans

Ólafsfjarðargöng:

Í Ólafsfjarðargöngum er einbreiður vegur en keppendur eiga réttinn á þeirri leið sem þeir eru að fara. Reynt verður að teppa umferð eins og hægt er á meðan keppni stendur, allir bílar í göngunum verða látnir vita að keppni er í gangi og að hjólarar eigi réttinn. Það er mól í köntum beggja vegna og holur í vegi.



Ólafsfjörður og Dalvík:

Á Ólafsfirði og Dalvík eru hluti gatna steiptar, þetta eru orðnar gamlar götur og viðhald gæti verið betra, því eru holur og sprungur umfram það sem hægt er að merkja, bæði svæði eru hlutlaus svæði og því eru keppendur hvattir til að hafa augun hjá sér og fara varlega.

Hlíðarfjall:

Eftir að keppendur klára keppni uppi í Hlíðarfjalli þurfa þeir að hjóla niður fjallið aftur. Keppni er lokið þegar keppendur eru á niðurleið svo við bendum fólki á að fara varlega. Þegar fólk kemur niður Hlíðarfjall getur verið að keppendur í öðrum flokkum séu að klára endasprett í fyrra endamark svo passa þarf að vera ekki fyrir.

Ristahlið er á Hlíðarfjallsvegi, rétt við Hálönd sem ber að varast.